How can we help?

Allianz Global Assistance Europe
v iðskiptaheiti AWPP&C S.A. – Dutch
Branch
Poeldijkstraat 4
1059 VM Amsterdam
Holland

Allianz Global Assistance Europe
er skráð í Amsterdam
Nr. 33094603

Tilkynning um persónuvernd

Okkur er annt um persónuupplýsingar þínar.

AWP P&C S.A. – Dutch Branch („við“, „okkar“, „okkur“), hluti af Allianz Partners SAS er löggilt tryggingafyrirtæki sem veitir tryggingar á alþjóðlegum grundvelli. Við leggjum höfuðáherslu á að vernda einkalíf þitt. Þessi tilkynning um persónuvernd útskýrir hvernig og hvaða persónuupplýsingum er safnað, hvers vegna, með hverjum þeim er deilt og hverjir sjá þær. Lestu þessa tilkynningu vandlega.

1. Hver er ábyrgðaraðili gagna?

Ábyrgðaraðili gagna er einstaklingur eða lögaðili sem stjórnar og ber ábyrgð á að geyma og nota persónuupplýsingar, bæði á pappír og á rafrænu formi. Við erum ábyrgðaraðili þeirra persónuupplýsinga sem tengjast tryggingunni þinni, eins og skilgreint er í viðeigandi gagnaverndarlögum og -reglugerðum.

2. Hvaða persónuupplýsingum verður safnað?

Við söfnum og vinnum úr eftirfarandi persónuupplýsingum: Nafni, kennitölu, heimilisfangi, aðsetri, fæðingardegi, kyni, þjóðerni, símanúmeri, netfangi, upplýsingum um bankareikninga, heilsufarsupplýsingum, vegabréfsupplýsingum, áfangastað og niðurstöðum úr skimun yfir svik og refsivert athæfi.

Unnið er úr heilsufarsupplýsingum ef þú þarft á aðstoð okkar að halda vegna sjúkrahússinnlagnar, alvarlegra slysa eða andláts. Teymið sem kemur að aðstoðinni kann að fara fram á persónuupplýsingar frá hinum tryggða, fjölskyldu eða ástvinum ef slíkt er talið nauðsynlegt. Þeim er heimilt að koma þessum upplýsingum til þeirra aðila sem að læknisaðstoðinni koma.

3. Hvernig nálgumst við og notum persónuupplýsingar þínar?

Við söfnum og notum þær persónuupplýsingar sem þú veitir okkur og okkur berast um þig (eins og nánar er greint frá hér á eftir) í ýmsum tilgangi. Slíkt er háð samþykki þínu nema gildandi lög og reglugerðir geri ekki kröfu um samþykki þitt, eins og sýnt er hér á eftir:

Tilgangur	Krafa um samþykki þitt?
Framkvæmd tryggingasamnings (t.d. tilboð, undirskrift, úrvinnsla á kröfum)	Nei
Vegna skuldainnheimtu	Nei
Tölfræðilegar greiningar og úrbætur á vöru og þjónustu	Nei
Sjálfvirk ákvarðanataka til að ákvarða iðgjald með hliðsjón af aldri þínum eða heimilisfangi og til að nýta tölvutækni okkur til aðstoðar við að meta hvaða vörur kunna að henta þér best.	Já, þar sem þess er þörf. Samt sem áður öflum við ekki samþykkis þíns í þeim tilfellum þar sem við þurfum að vinna úr persónuupplýsingum þínum vegna undirskriftar og/eða til að vinna úr kröfu þinni.
Til að koma í veg fyrir svik, peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi, og til greiningar á slíkri starfsemi	Nei
Til að uppfylla lagalegar skuldbindingar (t.d. vegna skattalegra, bókhaldstengdra og stjórnunarlegra skuldbindinga)	Nei
Til að dreifa áhættu með endurtryggingu og baktryggingu	Nei

Við vinnum úr persónuupplýsingum þínum sem við fáum úr opinberum gagnagrunnum og frá þriðju aðilum á borð við miðlara, viðskiptafélaga, önnur tryggingafélög, lánshæfisfyrirtæki og fyrirtæki sem vinna gegn svikastarfsemi, greiningarveitur, upplýsingaveitur, tjónamatsmenn, skoðunarmenn, milligöngumenn, yfirvöld sem falin eru tiltekin verkefni (delegated authorities) og lögmenn eins og greint er frá hér að ofan og í þeim tilgangi sem tiltekinn er hér að ofan.

Við vinnum úr persónuupplýsingum þínum í samræmi við lögmæta hagsmuni okkar og/eða til að uppfylla lagalegar skyldur okkar í ofangreindum tilvikum þar sem við höfum tilgreint að við krefjumst ekki samþykkis þíns. Til dæmis, ef þörf er á úrvinnslu:

Til uppfyllingar samnings eða ef þú óskar eftir úrvinnslunni til að gerast aðili að samningnum;
Til að verja mikilvæga hagsmuni þína eða mikilvæga hagsmuni annars einstaklings;
Til að uppfylla lagalega skuldbindingu sem þú ert aðili að;
Í þágu almannahagsmuna eða þegar við beitum opinberu valdi; og
Vegna lögmætra hagsmuna AWP P&C S.A – Dutch Branch eða þriðja aðila (nema hagsmunir þínir, réttindi eða frelsi vegi þyngra). Nánari upplýsingar eru í kafla 9.

Óskir þú eftir að kaupa af okkur vörur og þjónustu þurfum við að fá persónuupplýsingar þínar. Viljir þú ekki veita okkur þessar upplýsingar er ekki öruggt að við getum veitt þér þær vörur og þjónustu sem þú óskar eftir eða hefur hugsanlega áhuga á. Einnig kann að vera að við getum ekki sniðið þjónustu okkar að kröfum þínum og óskum.

4. Hver mun hafa aðgang að persónuupplýsingum þínum?

Við munum tryggja að unnið sé úr persónuupplýsingum þínum eins og samræmist ofangreindum tilgangi. Samkvæmt ofangreindum tilgangi kunnum við að gefa þriðju aðilum sem starfa sem ábyrgðaraðilar gagna upp persónuupplýsingar þínar, svo sem: Opinberum yfirvöldum, öðrum fyrirtækjum innan Allianz Group, öðrum tryggingafélögum, endurtryggingaraðilum, milligönguaðilum/ miðlurum, og bönkum

Við kunnum einnig að deila persónuupplýsingum þínum, samkvæmt ofangreindum tilgangi, með aðilum sem starfa sem vinnsluaðilar gagna undir leiðsögn okkar, svo sem: Öðrum fyrirtækjum innan Allianz Group, tæknilegum ráðgjöfum, sérfræðingum, lögfræðingum, tjónamatsmönnum, viðgerðarmönnum, læknum og þjónustufyrirtækjum sem sjá um úrvinnslu (bótakröfur, tæknimál, póstlagningu, skjalaumsjón).

Að lokum kunnum við að deila persónuupplýsingum þínum ef um er að ræða fyrirhugaða eða raunverulega endurskipulagningu, samruna, sölu, samstarfssamning, framsal, flutning eða annars konar ráðstafanir á fyrirtæki okkar, eignum eða hlutafé, að öllu leyti eða að hluta (þar með talið vegna gjaldþrots eða álíka meðferðar), og til að uppfylla lagalegar skuldbindingar, þar með talið við viðeigandi umboðsmann, ef þú leggur fram kvörtun vegna vöru eða þjónustu sem við höfum útvegað þér.

5. Hvar verður unnið úr persónuupplýsingum mínum?

Þeir aðilar sem tilgreindir eru í kafla 4 hér að ofan vinna hugsanlega úr persónuupplýsingum þínum bæði innan og utan Evrópska efnahagssvæðisins (EEA). Það er þó ávallt háð samningsbundnum takmörkunum hvað varðar trúnaðarkvaðir og öryggi í samræmi við gildandi gagnaverndarlög og -reglugerðir. Við munum ekki deila persónuupplýsingum þínum með aðilum sem hafa ekki heimild til að vinna úr þeim.

Í hvert sinn sem við flytjum persónuupplýsingar þínar út fyrir Evrópska efnahagssvæðið til úrvinnslu af hálfu annars fyrirtækis innan Allianz Group gerum við það í samræmi við bindandi reglur innan Allianz sem kallast persónuverndarstaðall Allianz (Allianz BCR), sem tryggir viðeigandi verndun persónuupplýsinga og er lagalega bindandi fyrir öll fyrirtæki innan Allianz Group. Hægt er að sjá Allianz BCR og lista yfir fyrirtæki innan Allianz Group sem þessi staðall nær yfir hér: **www.allianz-partners.com/allianz-partners---binding-corporate-rules-.html** Í þeim tilvikum sem Allianz BCR á ekki við grípum við til ráðstafana til að tryggja að flutningur persónuupplýsinga þinna út fyrir Evrópska efnahagssvæðið sé undir fullnægjandi vernd, sambærilegt við það sem gerist innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þú getur fengið upplýsingar um þær varúðarráðstafanir sem við beitum fyrir slíkan flutning (til dæmis hefðbundin samningsákvæði), með því að hafa samband við okkur eins og lýst er í kafla 9 hér á eftir.

6. Hver eru réttindi þín hvað varðar persónuupplýsingar þínar?

Svo framarlega sem slíkt samræmist gildandi lögum eða reglugerðum hefur þú rétt á að:

- Fá aðgang að persónuupplýsingum þínum og fá upplýsingar um hvaðan þær koma, í hvaða tilgangi og hvernig þær eru fengnar; fá upplýsingar um ábyrgðaraðila gagna, vinnsluaðila gagna og þá aðila sem fá hugsanlega aðgang að gögnunum;
- Draga samþykki þitt til baka hvenær sem er ef unnið er úr persónuupplýsingum þínum án þíns samþykkis;
- Uppfæra eða leiðrétta persónuupplýsingar þínar svo þær séu ávallt réttar;
- Eyða persónuupplýsingum þínum úr skrám okkar ef þeirra er ekki lengur þörf í þeim tilgangi sem tilgreindur er hér að ofan;
- Takmarka úrvinnslu persónuupplýsinga þinna við ákveðnar aðstæður, til dæmis þegar þú hefur dregið réttmæti persónuupplýsinga þinna í efa, á meðan þú gefur okkur færi á að staðfesta réttmæti þeirra;
- Fá afrit af persónuupplýsingum þínum á rafrænu formi fyrir þig eða nýja tryggingafélagið þitt; og
- Leggja fram kvörtun hjá okkur og/eða hjá viðeigandi gagnaverndaryfirvaldi.

Þú getur nýtt þér þessi réttindi með því að hafa samband við okkur eins og lýst er í kafla 9 hér á eftir og gefa upp nafn þitt, netfang, auðkenni, númer tryggingasamnings og ástæðu beiðni þinnar.

7. Hvernig getur þú mótmælt úrvinnslu persónuupplýsinga þinna?

Þú hefur rétt á að mótmæla því að við vinnum úr persónuupplýsingum þínum eða krafist þess að við hættum úrvinnslu þeirra (þar með talið í markaðssetningarskyni), svo framarlega sem slíkt er heimilt samkvæmt gildandi lögum eða reglugerðum. Þegar þú hefur tilkynnt okkur þetta munum við hætta að vinna úr persónuupplýsingum þínum nema gildandi lög og reglugerðir heimili okkur að halda því áfram.

Þér er heimilt að nýta þér þennan rétt á sama hátt og önnur réttindi þín, eins og tilgreint er í kafla 6 hér að ofan.

8. Hve lengi geymum við persónuupplýsingar þínar?

Við geymum persónuupplýsingar þínar í sjó ár frá því að tryggingasambandi okkar lýkur eða frá því að uppgjöri vegna kröfu eða kvörtunar lýkur, nema lengri geymslutíma sé krafist eða gildandi lög heimili annað.

Við geymum persónuupplýsingar þínar ekki lengur en þörf krefur og við geymum þær eingöngu í sama tilgangi og þeirra var aflað upprunalega.

9. Hvernig getur þú haft samband við okkur?

Ef þú óskar eftir upplýsingum um hvernig við notum persónuupplýsingar þínar getur þú haft samband við okkur í tölvupósti eða með bréfpósti sem hér segir:

AWP P&C S.A. – Dutch Branch
Data Protection Officer
Postbus 9444
1006 AK Amsterdam
Hollandi

Netfang: **privacy.is@allianz.com**

10. Hversu oft uppfærum við þessa tilkynningu um persónuvernd?

Við endurskoðum þessa tilkynningu um persónuvernd reglulega.

Við munum tryggja að nýjasta útgáfan sé ávallt aðgengileg á vefsvæði okkar

www.magroup-online.com/CTW/IS/IS/Privacy-Notice.pdf og við látum þig vita ef mikilvægar breytingar verða sem geta haft áhrif á þig. Þessi tilkynning um persónuvernd var síðast uppfærð 5. Júní 2020.

CAR TRAWLER
VIÐBÓTARTRYGGING/TRYGGINGARGREIÐSLUVERND FYRIR BÍLALEIGUBÍL
TRYGGINGARYFIRLIT

P.CTW.IS-11/16

Tilheyrir og er órjúfanlegur þáttur af almennum váttryggingarskilmálum og váttryggingarskríteinum
 Allianz Global Assistance Europe.

Tjónstilkynningar berist til:

Falck Global Assistance
Box 44024
100 73 Stockholm
Svíþjóð

Sími: +46 8 587 717 21
Netfang: claims.fga@is.falck.com

I. flokkur: Viðbótartrygging/tryggingargreiðsluvernd fyrir bílaleigubíl Félagið veitir tryggingu fyrir eftirfarandi kostnaðarliði upp að tilgreindri hámarksfjárhæð ef þeir eru nauðsynlegir í tengslum við:	Tryggingarférhæðir (á hverju váttryggingartímabili)	Eigin áhætta vagna efnislegra skemmda á ökutæki meðan því er lagt
Greiðslu vegna sjálfsábyrgðar bílaleigufyrirtækis (með fyrirvara um takmarkanir sem tilgreindar eru hér á eftir)	ISK 465.000	ISK 18.500
Tjón á þaki ökutækis	ISK 93.000	
Tjón á gluggum, framrúðu eða gleri í sóllúgu	ISK 147.250	
Tjón á undirvagni	ISK 77.500	
Tjón á hjólbörðum	ISK 23.250 fyrir hvern nýjan hjólbarda ISK 7.750 fyrir viðgerð á sprungnum hjólbarda	

Sjá einnig kaflann „Sérstakar undanþágur“ á blaðsíðu 5 (I. flokkur, 4. gr.)

How can we help?

✉ ALMENN ÁKVÆÐI

Auk þessara almennu ákvæða skal þessi váttrygging falla undir gildissvið skilyrða viðkomandi flokks.

Lesið vandlega eftirfarandi almenna skilmála. Í þeim eru gefnar nákvæmar upplýsingar um réttindi og skyldur ásamt svörum við spurningum sem kunna að vakna.

Article 1. Skilgreining hugtaka

Í þessum tryggingaskilmálum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

„Félag“	: AWP P&C S.A. – Dutch Branch, sem stundar viðskipti sem Allianz Global Assistance Europe með skrifstofur í Poeldijkstraat 4, 1059 VM Amsterdam, Hollandi, skráð hjá yfirvaldi hollenska fjármálamárkæðarins nr. 12000535 og í fyrirtækjaskrá Amsterdam nr. 33094603
„Váttryggður“	: Einstaklingur sem tilgreindur er sem bílstjóri í staðfestingu bóknar
„Söluaðili“	: Falck Global Assistance – Box 44024 – 100 73 Stockholm, Svíþjóð: Meðhöndlar allar kröfur sem lagðar eru fram og falla undir I. flokk, í nafni félagsins.

Article 2. Grundvöllur váttryggingarinnar

Félagið veitir eingöngu váttryggingarvermd fyrir þann flokk sem trygging hefur verið tekin fyrir eins og fram kemur í tryggingaryfirlitinu og/öðra staðfestingu bóknar. Váttryggingarvermdin gildir upp að hámarksfjárhæðinni sem tilgreind er á tryggingaryfirlitinu með tilhlýðilegu tilliti til sérhvers hámarks tímabils sem tekið er fram. Váttryggingarsamningur gildir eingöngu um þann einstakling sem hefur tekið trygginguna í sínu nafni: Ekki er hægt að sameina váttryggingarfjárhæðir sem falla undir þessa váttryggingarsamninga við fjárhæðir sem eru váttryggðar með einhverjum öðrum samningi og váttryggingarsamningarnir eru ekki framseljanlegir. Skilmálar sem gilda um einn váttryggðan einstakling gilda ekki endilega um annan váttryggðan einstakling nema það sé tekið skýrt fram.

Article 3. Gildistími váttryggingarinnar

- 3.1. Váttryggingarsamningurinn er eingöngu gildur ef hann hefur verið gerður fyrir upphafsdag CarTrawler-bóknar.
- 3.2. Váttryggingarsamningurinn er eingöngu gildur ef hann hefur verið gerður fyrir allan bílaleigutímann sem tilgreindur er í bílaleigusamningnum.
- 3.3. Félagið tryggir eingöngu einstaklinga sem eru skráðir í Þjóðskrá Íslands með búsetu á Íslandi eða dvelja í raun og veru á búsetustaðnum á Íslandi á gildistíma samningsins, sem einnig kemur fram á váttryggingarskírteininu.
- 3.4. Váttryggingin skal ekki gilda ef félagið hefur áður upplýst váttryggðan um að það kjósi að neita honum/henni um tryggingu. Í slíkum tilvikum mun félagið, að beiðni hins váttryggða, endurgreiða hvert það iðgjald sem þegar hefur verið greitt.
- 3.5. Tryggingaflokkurinn skal falla undir gildissvið almennu tryggingaskilmálanna nema þegar víkið er frá þeim í skilmálum flokksins.

Article 4. Gildistími, váttryggingartímabil

Gildistími váttryggingarinnar er sá dagafjöldi sem tryggingin er í gildi (að hámarki 31 dagur). Gildistíminn er tilgreindur á bóknarstaðfestingunni. Váttryggingarvermdin tekur gildi á deginum sem tilgreindur er í bílaleigusamningnum og gildistímanum lýkur þegar bílnum er skilað. Hins vegar, ef heildarleigutíminn er lengri en 31 dagur eða ef engin dagsetning er ákvörðuð fyrir lok bílaleigutímans, skal tryggingartímanum ljúka, samkvæmt lögum, 31 degi eftir upphaf bílaleigutímans eins og tilgreint er á bóknarstaðfestingunni.

Article 5. Gildissvæði váttryggingarinnar

Váttryggingin skal gilda um allan heim (að undanskildum eftirfarandi löndum: Afganistan, Hvíta-Rússland, Kúba, Lýðveldið Kongó, Íran, Írak, Filabeinsströndin, Líbería, Norður-Kórea, Búrma (Mjanmar), Súdan og Simbabve).

Article 6. Uppsögn og endurgreiðsla iðgjalds

Ef þú telur að váttryggingin uppfylli ekki kröfur þínar skaltu tilkynna okkur það innan 14 daga eftir að þú færð váttryggingaryfirlitið. Við munum endurgreiða þér iðgjaldið, nema ef leigutímabilið er hafið, þú hefur lagt fram bótakröfu eða upphafur komið atvik sem er líklegt til að leiða til bótakröfu, en í því tilviki verður engin endurgreiðsla greidd. Athugaðu að uppsagnarréttur þinn gildir ekki eftir þetta 14 daga upphafstímabil. Að 14 daga upphafstímabilinu liðnu getum við ekki endurgreitt neina tryggingu sem tengist uppsögn á bókun bílaleigubíls.

Article 7. Almennar skyldur í tjónstilviki

Komi til tjónsskal váttryggður eða arftakar hans/hennar gera eftirfarandi:

- 7.1. Fylla út alla tjónstilkynninguna sannleikanum samkvæmt, undirrita hana og senda ásamt bóknarstaðfestingunni, upprunalegum reikningi fyrir greiðslu vegna sjálfsábyrgðar leigutakans (eða annars tryggingafélags), lögregluskýrslu, afriti af ökuskríteinum okumansins sem ók váttryggða ökutækinu og öllum öðrum skjölum sem félagið óskar eftir. Hægt er að nálgast eyðublað fyrir tjónstilkynningu hjá félaginu eða umboðsaðilum þess.
- 7.2. Grípa til allra mögulegra ráðstafana til að takmarka tjónið, fara eftir ráðleggingum félagsins, sýna félaginu fulla samvinnu og ekki gera neitt sem gæti skaðað félagið.

How can we help?

7.3. Senda allar kröfur um endurgreiðslu (uppað endurgreiðslufjárhæðinni) til félagsins. Þetta er aðeins nauðsynlegt effélagið hefur ekki áunnið sér réttindi hins váttryggða með því að greiða endurgreiðsluna. Váttryggður skal leggja fram öll sönnunargögn varðandi framangreindar kröfur til félagsins.

7.4. Váttryggður skal leggja fram upprunalega reikninga fyrir ófyrirsjáanlegum útgjöldum, skjöl og/eða opinber vottorð sem staðfest a að tjónið hafi átt sér stað og öll önnur skjöl til félagsins sem félagið óskar eftir.

Ef váttryggður uppfyllir ekki framangreindar skyldur mun félagið ekki greiða neina endurgreiðslu/greiðslu.

Article 8. Tjónstilkynningar berist til:

Fyrir I. flokk:

Falck Global Assistance
Box 44024
100 73 Stockholm
Svíþjóð

Sími: +46 8 587 717 21

Netfang: claims.fga@is.falck.com

Article 9. Tímamörk fyrir tjónstilkynningu

Komi til tjónssem váttryggður er tryggður fyrir skal hinn váttryggði eða arftaki/arftakar hans/hennar tilkynna tjónstilvikið til félagsins innan eftirfarandi tímabils.

9.1. Innan 28 daga eftir að gildistímanum lýkur.

9.2. Berist tjónstilkynningin ekki tímanlega til Falck Global Assistance mun félagið ekki greiða neina endurgreiðslu, að því undanskildu þegar váttryggður eða arftaki/arftakar hans/hennar geta sýnt fram á, innan sanngjammra marka, að töf á tilkynningu tjónsins sé ekki af þeirra völdum. Í öllum tilvikum fellur rétturinn til endurgreiðslu óafturkallanlega úr gildi ef félagið hefur ekki móttekið tjónstilkynninguna eigi síðar en innan 180 daga eftir að tjónið á sér stað.

9.3. Þú verður að aðstoða félagið við að afla sér eða sækjast eftir endurgreiðslu eða iðgjaldi frá þriðja aðila eða öðrum váttryggingafélögum með því að veita allar nauðsynlegar upplýsingar og fylla út eyðublöð.

Article 10. Almennar undanþágur – afturköllun á endurgreiðslurétti

Tryggingar sem tilgreindar eru í öllum flokkum váttryggingarinnar ná ekki yfir aðrar undanþágur en þær sem eiga sérstaklega við um hvern flokk og taka ekki til:

10.1 Tjónssem rekja má beint eða óbeint til stríðsátaka, þ.m.t. vopnaðra átaka, borgarastyrjaldar, uppreisnar, borgaralegs óróa, uppþota og rósta. Ef váttryggður verður fyrir tjóni meðan á framangreindum atvikum stendur, sem tengist þeim ekki á nokkum hátt, skal félagið aðeins greiða endurgreiðslu ef hinn váttryggði sýnir fram á að tjónið tengdist ekki slíkum atvikum í raun og veru.

10.2 Tjónssem rekja má beint eða óbeint til þátttöku eða tjóns af völdum meðvitaðrar þátttöku hins váttryggða í flug- eða skipsráni, verkfalli eða hryðjuverki.

10.3 Tjónssem rekja má beint eða óbeint til löggeymslu og/eða eignaupptöku.

10.4 Tjónssem rekja má beint eða óbeint til farsóttar og heimsfaraldra.

10.5 Tjóns af völdum kjarnahvarfa, tjónssem á sér stað við kjarnahvörf eða afleiðing þeirra, án tillits til þess hvar og hvernig þau áttu upptöksín.

10.6 Tjónssem er afleiðing þátttöku í afbroti eða tjóns við framkvæmd afbrots eða tilraun til að fremja afbrot.

10.7 Tjónssem á sér stað utan gildissvæðis váttryggingarinnar eða tjónssem á sér stað utan gildistíma váttryggingarskráteinisins.

10.8 Ef slíkar kringumstæður, sem eðlilegt er að vænta að myndu stofna til kostnaðar, voru þekktar eða fyrir hendi þegar váttryggingin var tekin fellur rétturinn til endurgreiðslu niður.

10.9 Rétturinn til greiðslu eða skaðabóta að því er varðar kröfuna í heild skal falla niður ef hinn váttryggði eða arftaki/arftakar hans/hennar hafa veitt rangar upplýsingar eða málavexti.

10.10 Rétturinn til endurgreiðslu verður aðeins afturkallaður að því er varðar þann hluta kröfunnar sem umbeðnir hlutir og/eða skjöl eiga við um ef þeir hafa ekki borist félaginu innan 180 daga eftir að óskað var eftir þeim.

10.11 Vítaverðsgáleysi eða vanræksla af ásettu ráði af hálfu hins váttryggða eða hlutaðeigandi aðila í endurgreiðslunni.

10.12 Þátttöku í misgjörðum, rífrildum, slagsmálum, áskorunum eða þátttöku í leiðöngum.

10.13 Áfengisnotkunar eða notkunar annarra vímuefna eða örvandi efna, þ.m.t. vægra og harðra fíkniefna.

10.14 Þátttöku í keppnum og undirbúningsfyrir þær, svo sem þjálfunar.

10.15 Þátttöku í eða undirbúningsfyrir hraða-, metskráningar- og áreiðanleikaprófanir á vélknúnum ökutækjum.

Article 11. Þegar váttryggt er fyrir sömu áhættu hjá mismunandi félögum

Ef hægt er að leggja fram kröfu um endurgreiðslu eða greiðslu samkvæmt öðrum váttryggingarsamningi, lögum eða ákvæðum fyrir utan þennan váttryggingarsamning, óháð gildistökutíma, skal núverandi váttryggingarsamningur aðeins gilda sem síðasta úrræði. Í því tilviki er aðeins hægt að fá endurgreiðslu fyrir tjónið sem fer yfir fjárhæðina sem hægt væri að krefjast annars staðar.

How can we help?

Article 12. Endurgreiðslur

Félagið skal greiða hinum váttryggða endurgreiðsluna nema ef hann/hún hefur tilkynnt félaginu að hún skuli greidd öðrum aðila. Við andlát hins váttryggða greiðist endurgreiðslan til lögerfingja hans.

Article 13. Afturköllun réttinda

Ef váttryggður eða arftakar hans leggja fram kröfu til félagsins skal félagið bregðast við kröfunni með því að hafna henni eða (þjóðast til að) greiða lokabótafjárhæð. Afturkalla skal kröfu hins váttryggða eða arftaka hans 180 dögum eftir að félagið hefur tilkynnt ákvörðun sína (höfnun eða greiðslu), að því undanskildu þegar ágreiningur hefur þegar verið lagður fyrir dómstóla.

Article 14. Endurkrafa á ótryggðri þjónustu og/eða kostnaði

Ef félagið hefur samþykkt að endurgreiða kostnað og/eða þjónustu sem félagið eða einhver af þjónustuaðilum þess stofnaði til / veitti og sem tryggingaverndin nær ekki yfir hefur félagið heimild til að endurkrefjast kostnaðar sem það hefur þegar greitt eða jafna hann út í endurgreiðslum sem á eftir að greiða. Váttryggður ber einn ábyrgð og er skuldbundinn til að greiða kröfuna innan 30 daga eftir móttöku skriflegrar tilkynningar. Komi til vanskila mun félagið leita aðstoðar innheimtufyrirtækis.

Article 15. Persónuupplýsingar

15.1. Félagið vinnur úr persónuupplýsingum sem gefnar eru upp á umsókn um váttryggingarsamning eða við breytingar á honum til að gera samninga og koma váttryggingarsamningum í framkvæmd og meðhöndla eftirmál þeirra, en það felur m.a. í sér að koma í veg fyrir og berjast gegn svikum auk aðgerða sem miða að því að stækka grunn viðskiptavina.

15.2 Vinnsla persónuupplýsinga heyrir undir lög. Í þessum siðareglum er réttindum og skyldum samningsaðila við vinnslu upplýsinga lýst. Nálgað má óstytta texta siðareglanna með því að hafa samband við Persónuvernd, Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík, Íslandi. Símanúmer: +354 510 9600, bréfasímanúmer: +354 510 9606, vefsvæði: www.personuvernd.is

15.3 Samkvæmt fyrirmælum félagsins sér Falck Global Assistance um meðhöndlun krafna sem myndast vegna I. flokks. Ef Falck Global Assistance telur það nauðsynlegt fyrir tiltekna beiðni um aðstoð getur það farið fram á gögn frá hinum váttryggða.

Article 16. Ágreiningur

16.1 Ef upp kemur ágreiningur vegna þessa váttryggingarsamnings skal honum vísað til þar til bærð dómstóls nema málsaðilar séu einhuga um aðra leið til að leysa úr ágreiningnum.

16.2 Þessi váttrygging skal falla undir gildissvið íslenskra laga. Fyrirspurnum eða kvörtunum skal í fyrstu beina til framkvæmdastjóra Falck Global Assistance. Ef hinn váttryggði er ekki sáttur við meðhöndlun kvörtunar skal váttryggður hafa samband við: **Fjármálaeftirlitið (FME), Höfðatúni 2, 105 Reykjavík – Íslandi. Sími: +354 520 3700, fax: +354 520 3727, netfang: urskvatr@fme.is**

How can we help?

Allianz Global Assistance Europe
v iðskiptaheiti AWPP&C S.A. – Dutch
Branch
Poeldijkstraat 4
1059 VM Amsterdam
Holland

Allianz Global Assistance Europe
er skráð í Amsterdam
Nr. 33094603

 SKILMÁLAR TRYGGINGAFLOKKSINS**Category I. VIÐBÓTARTRYGGING/TRYGGINGARGREIÐSLUVERND FYRIR BÍLALÆGUBÍL**

Þessir skilmálar tryggingaflokksins skulu einnig falla undir gildissvið almennu ákvæðanna nema þegar vikið er frá þeim í þessum skilmálum tryggingaflokksins.

1. grein. Eðli og umfang váttryggingarinnar

Í tjónstilviki endurgreiðir félagið tryggða einstaklingnum hvers kyns greiðslu vegna sjálfsábyrgðar leigutakans (eða annar tryggingafélags). Váttryggingin gildir sem viðbótartrygging fyrir leigð ökutæki.

1.1 Váttryggingin tekur til greiðslna vegna sjálfsábyrgðar í kjölfar tjóns á leigða ökutækinu eða þjófnaðar á leigða ökutækinu á leigutímabilinu. Sjálfsábyrgð sem af þessu leiðir er forsenda fyrir bótagreiðslu.

1.2 Ef tjónið sem fellur undir trygginguna í samræmi við grein 1.1 er lægra en upphæð sjálfsábyrgðarinnar greiðir félagið sjálfsábyrgðina, að því gefnu að tryggður atburður hafi valdið því.

2. grein. Eigin áhætta

Ef efnislegar skemmdir verða á ökutækinu meðan því er lagt gildir eigin áhætta sem tilgreind er á tryggingaryfirlitinu.

3. grein. Sérstakar skyldur í tjónstilviki

Við tjón á leigða ökutækinu af ytri orsökum eða þjófnað á leigða ökutækinu skal váttryggður tilkynna slíkt tafarlaust til lögregluyfirvalda á staðnum. Ef ógerlegt er að tilkynna slíkt verður hinn váttryggði að tilkynna þetta eins fljótt og unnt er. Váttryggður skal leggja fram yfirlýsingu um þessa tilkynningu hjá félaginu.

4. grein. Sérstakar undanþágur

Tryggingin gildir ekki um:

- 4.1 Tjón á ökutækjum yfir 3.500 kg að heildarþyngd.
- 4.2 Tjón á leigubílum og kennslubílfreiðum.
- 4.3 Tjón þar sem tryggingin krefst ekki sjálfsábyrgðar.
- 4.4 Tjón tengt samningsbroti að því er varðar leigutaka bílsins.
- 4.5 Tjón sem verður á öðrum vegum en almenningsvegum eða opinberum vegum.
- 4.6 Tjón á hjólhýsum eða annarskonar eftirvögnum.
- 4.7 Týnda lykla.
- 4.8 Þjófnað á hlut(um) eða tjón á hlut(um) vegna þjófnaðar eða tilraunar til þjófnaðar.
- 4.9 Tjón á innra rými ökutækisins.
- 4.10 Vélræna bilun í tryggða ökutækinu og tengdan kostnað við endurheimt.
- 4.11 Ranga eldsneytisáfyllingu.
- 4.12 Almenn slit.

5. grein. Ákvæði um aðgát

EKKI er hægt að krefjast endurgreiðslu í eftirfarandi tilviki:

Almenn aðgát:

Ef váttryggður (eða sá sem hinn váttryggði fær aðstoð hjá) hefur ekki sýnt almenna aðgát til að koma í veg fyrir tjón á leigða ökutækinu. Enn fremur skal váttryggður ávallt yfirfara leigða ökutækið við móttöku til að ganga úr skugga um að engar skemmdir séu til staðar.

How can we help?